

AUGLÝSING

um deiliskipulag Melahverfis í Skilmannahreppi.

Sveitarstjórn Skilmannahrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.br. samþykkt deiliskiplag 18 íbúðalóða við Lækjarmel og 2 þjónustulóða við Innrímel í Melahverfi í Skilmannahreppi þann 7. maí 1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skilmannahreppi, 13. júlí 1998.

F.h. sveitarstjórnar Skilmannahrepps,
Jón Þór Guðmundsson, oddviti.

20. júlí 1998

Nr. 452

AUGLÝSING

um deiliskipulag Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Höfðahverfis, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 24. júní 1998. Á svæðinu er gert ráð fyrir eitt hundrað og fimmtíu og sjö íbúðum í par-, rað- og einbýlishúsum á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 20. júlí 1998.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

20. júlí 1998

Nr. 453

AUGLÝSING

um deiliskipulag stofnana- og þjónustusvæðis við Baugshlíð/Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag stofnana- og þjónustusvæðis við Baugshlíð/Lækjarhlíð, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 24. júní 1998. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir leik- og grunnskóla auk þjónustumannvirkja og íbúðum fyrir aldraða á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem stofnanasvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 20. júlí 1998.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.